

VBS fjárfestingarbanki hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
30. júní 2007**

VBS fjárfestingarbanki hf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Kt. 621096-3039

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj. ...	3	Efnahagsreikningur	6
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4	Eiginfjáryfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Sjóðstremisyfirlit	7
		Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið j. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB). Þetta er fyrsti árshlutareikningur bankans sem gerður er samkvæmt stöðlunum. Upplýsingar um áhrif alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu bankans og afkomu er að finna í skýringum með árshlutareikningnum.

Í ársbyrjun sameinuðust VBS fjárfestingarbanki hf. og FSP hf. og heitir hið sameinaða félag VBS fjárfestingarbanki hf. Efnahagur FSP yfirfærir til VBS í upphafi árs og hafa eignir þá verið metnar til gangvirðis.

Hagnaður varð af rekstri bankans á tímabilinu að fjárhæð 1.114 millj. kr. Eigið fé hans 30. júní nam 7.744 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 30,3%, en samkvæmt lögum má það lægst vera 8%.

Stjórn og framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka hf. staðfesta hér með árshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. júlí 2007.

Stjórn:

Gísli Kjartansson
formaður

Þröstur Leósson

Páll Magnússon

Gunnar Árnason

Símon Sigurpálsson

Framkvæmdastjóri
Jón Þórisson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VBS fjárfestingarbanka hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árs hlutareikningurinn, sem veitir í ýmsum atriðum minni upplýsingar en ársreikningur, hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Árs hlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við ákvæði alþjóðlegs reikningsskilastaðals IAS 34 um árs hlutareikninga. Ábyrgð okkar felst í þeirri niðurstöðu sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, um könnun óháðs endurskoðanda félags á árs hlutareikningum þess. Slík könnun felur í sér spurningar til starfsmanna félagsins, aðallega þeirra sem bera ábyrgð á fjárhagslegum og reikningshaldslegum málum félagsins, greiningu á hinum ýmsu liðum árs hlutareikningsins og aðrar könnunaraðgerðir. Umfang könnunar er töluvert minna en umfang endurskoðunar sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem kæmu í ljós við endurskoðun. Endurskoðunarálit er því ekki látið í ljós.

Niðurstaða

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árs hlutareikninga, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 26. júlí 2007.

KPMG hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur		963.244	482.579
Vaxtagjöld	(578.832)	(666.932)
Hreinar vaxtatekjur		384.412	(184.353)
Þóknana- og þjónustutekjur		840.760	235.219
Arðstekjur		28.902	25.904
Hreinar tekjur af veltufjáreignum		185.255	(94.185)
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði		239.247	9.833
Hreinn gjaldeyrismunur		42.555	(47.057)
Ýmsar rekstrartekjur		62.028	21.859
Hreinar rekstrartekjur	18	1.783.160	(32.780)
Laun og launatengd gjöld	37	317.786	90.676
Rekstrarkostnaður		77.479	73.380
Afskriftir fastafjármuna	30	2.333	1.753
Virðisrýrnun útlána	20	33.661	18.149
		431.259	183.959
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		1.351.901	(216.738)
Tekjuskattur	21	(238.140)	43.496
Hagnaður (tap) tímabilsins		1.113.761	(173.243)
Hagnaður pr. hlut		2,60	(0,42)

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

	Skýr.	30.6.2007	31.12.2006
Eignir			
Kröfur á lánastofnanir		451.190	151.576
Útlán til viðskiptamanna	5,23	12.298.148	9.260.197
Fullnustueignir		3.356.251	0
Veltufjáreignir	6,27	2.112.191	1.553.482
Fjáreignir á gangvirði	6,28	1.311.565	3.922.521
Rekstrarfjármunir	11,30	20.341	20.089
Viðskiptavild		856.744	1.014.083
Ýmsar eignir	29	3.170.035	894.774
		<u>23.576.463</u>	<u>16.816.722</u>
Eignir samtals			
Skuldir			
Lántökur.....	12,32	11.458.878	7.669.508
Verðbréfaútgáfa	12,32	1.774.328	1.590.679
Víkjandi lán	13,33	488.058	473.819
Skuldir vegna verðbréfaviðskipta.....		1.382.866	163.589
Skattskuldir.....		455.419	129.860
Aðrar skuldir.....		273.362	649.763
		<u>15.832.911</u>	<u>10.677.218</u>
Skuldir samtals			
Eigið fé			
Hlutfé		442.418	414.827
Yfirverðsreikningur hlutafjár		5.408.078	4.870.430
Lögbundinn varasjóður		101.750	101.750
Óráðstafað eigið fé		1.791.305	752.497
		<u>7.743.551</u>	<u>6.139.504</u>
Eigið fé samtals			
		<u>23.576.463</u>	<u>16.816.722</u>
Skuldir og eigið fé samtals			

Eiginfjáryfirlit

fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	Hlutafé	Yfirverð- reikningur	Eigið fé Lögb. varasj.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2007					
Eigið fé 1. janúar 2007	215.710	1.062.728	51.569	667.135	1.997.142
Breytingar á eigin fé vegna samruna	199.117	3.807.702	50.181	42.000	4.099.000
Breytingar vegna IFRS				43.362	43.362
Eigið fé 1. janúar 2007, leiðrétt	414.827	4.870.430	101.750	752.497	6.139.504
Arðgreiðslur				(74.953)	(74.953)
Hlutfjárukning á tímabilinu	30.000	585.600			615.600
Kaup og sala eigin bréfa	(2.409)	(47.952)			(50.361)
Hagnaður tímabilsins				1.113.761	1.113.761
Eigið fé 30. júní 2007	442.418	5.408.078	101.750	1.791.305	7.743.551
Breytingar á eigin fé 2006					
Eigið fé 1. janúar 2006	168.200	471.673	41.952	568.502	1.250.327
Breytingar vegna IFRS				18.533	18.533
Eigið fé 1. janúar 2006	168.200	471.673	41.952	587.035	1.268.860
Arðgreiðslur				(84.038)	(84.038)
Innborgað hlutafé	37.000	473.000			510.000
Tap tímabilsins				(173.343)	(173.343)
Eigið fé 30. júní 2006	205.200	944.673	41.952	329.654	1.521.479

Yfirlit um sjóðstreymi

fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar.....	1.149.755	(112.484)
Fjárfestingarhreyfingar.....	(5.878.001)	(1.011.905)
Fjármögnunarhreyfingar.....	5.027.860	1.368.470
Lækkun á handbæru fé.....	299.614	244.081
Handbært fé í ársbyrjun.....	151.576	40.345
Handbært fé í lok tímabilsins.....	451.190	284.426

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Almennar upplýsingar

VBS fjárfestingarbanki hf. er með lögheimili að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Samandreginn árs hlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill bankans, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Stjórn bankans heimilaði birtingu árs hlutareikningsins 26. júlí 2007.

Samruni

Í ársbyrjun sameinuðust bankinn og FSP hf. og heitir hið sameinaða félag VBS fjárfestingarbanki hf. Efnahagur FSP yfirfærir til VBS í upphafi árs og hafa eignir þá verið metnar til gangvirðis sbr. skýringu nr. 35.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sé fylgt

Árshlutareikningur bankans er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB). Þetta er fyrsti árs hlutareikningur bankans sem gerður er samkvæmt stöðlunum og hefur IFRS 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, verið beitt við gerð hans.

Upplýsingar um áhrif alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu bankans og afkomu er að finna í skýringu 39. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu bankans eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2006 og eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur bankans er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirtaldar eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: veltufjáreignir og og fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat stjórnenda og undirliggjandi forsendur eru endurskoðuð reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og á síðari tímabilum ef hún hefur áhrif á þau.

Í skýringu 22 er fjallað um ákvarðanir sem stjórnendur hafa tekið við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem hafa mikil áhrif á árs hlutareikninginn og um mót þar sem veruleg hætta er á að þeim verði breytt mikið á næsta ári.

3. Yfirfærsla í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Gerð árs hlutareiknings bankans samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiddi til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta ársreiknings bankans en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi árs hlutareikningur nær til. Þeim hefur ennfremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann 1. janúar 2006 að því er varðar yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla, skv. IFRS 1.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendra mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendra mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

Skýringar, frh.:

5. Útlán

Útlán eru fjármálagerningar sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem bankinn færði upphaflega á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þessi liður felur í sér útlán sem bankinn veitir viðskiptavinum sínum. Jafnframt falla hér undir keypt útlán sem eru óskráð og bankinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir inn í bókfært verð útláns og krafna.

6. Fjáreignir metnar á gangvirði

a) Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast vegna skammtímbreytinga í verði eða miðlaraþóknunar.

b) Fjáreignir á gangvirði

Bankinn tilgreinir ákveðnar fjáreignir í upphafi sem fjáreignir á gangvirði þar sem breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum rekstur, ef slík tilgreining felur í sér meira viðeigandi upplýsingar vegna þess að:

- það eyðir eða dregur verulega úr mati eða þekktu ósamræmi sem myndi annars koma fram í mati á eignum eða skuldum eða færslu í hagnaði eða tapi af þeim á mismunandi grunni; eða

- fjáreignir og/eða fjárskuldir er stýrt og er niðurstaðan metin á gangvirðisgrunni samkvæmt áhættustýringu bankans eða stefnu hans í fjárfestingum og upplýsingar þar að lútandi eru veittar innanhúss á þeim grunni til lykilstjórnenda bankans.

7. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði veltufjáreigna og veltufjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði ræðst af skráðu verði þeirra. Sérstökum matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga til að finna gangvirði þeirra. Markaður er talinn virkur ef skráð verð eru tafarlaust og reglulega auðfáanleg og þessi verð standa fyrir raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Verðmatsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila, tekið er mið af verðmætum annarra fjármálagerninga sem að verulegu leyti eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi, notast við valréttarverðlíkön eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu verðmatsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við þekktar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Bankinn staðfestir reglulega verðmatsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerninginn, án aðlaganna eða breytinga, eða byggir á upplýsingum frá virkum markaði.

Besta sönnun á gangvirði þeirra í upphafi er kaupverðið, sem er gangvirði umræddrar eignar, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við aðrar skráðar og nýlegar markaðshreyfingar á sama gerningi án aðlögunar eða endurgerðar eða byggð á matsaðferð þar sem breytur innihalda einungis upplýsingar frá virkum mörkuðum. Þegar slík sönnunargögn eru fyrir hendi, færir bankinn hagnað eða tap við upphaflega skráningu.

8. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram, þ.e. þau eru færð á þeim degi sem bankinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar bankinn hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuldir eru skráðar þegar bankinn verður aðili að sammingsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding bankans er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

Skýringar, frh.:

9. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til jöfnunar og fyrirhugað er að gera upp fjáreignina og fjárskuldina nettó eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

10. Leigusamningar

Rekstrarleiga

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigu, þar sem bankinn er leigutaki eru skráðar sem gjöld, línulega yfir leigutímann.

11. Rekstrarfjármunir

a) *Eignir í eigu bankans*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartapi, í samræmi við fyrirmæli í IAS 16.

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi, líkt og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

b) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður þegar hann fellur til. Það er þó aðeins gert ef líklegt er að framtíðarhagnaður eignarinnar muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Ákvörðun um hvort kostnaður sem fellur til síðar er bætt við bókfært verð eignar byggir á hvort skipt hafi verið um sjáanlegan íhlut eða hluta af slíkum íhlut eða hvort eðli þess kostnaðar sem fellur til síðar sé á þann veg að hann sé framlag í nýjan íhlut. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem kostnaður þegar til hans er stofnað.

c) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar af rekstrarfjármunum eftir að hrakvirði hefur verið dregið frá. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld og tæki..... 4-5 ár

Hrakvirði er endurmetið árlega.

12. Lántaka

Lántökur bankans eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum viðeigandi viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega færslu eru lánin færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og mismunur á kostnaði og innlausnarverði er færður í rekstrarreikning á lánstíma miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru meðtaldir í bókfærðu verði lánsins.

13. Víkjandi lán

Bankinn hefur tekið lán með víkjandi skilmálum. Lánin hafa einkenni eigin fjár þar sem þau víkja fyrir öðrum lánnum bankans. Við útreikning eiginfjárlutfalls eru þessi lán talin til eigin fjár eins og kemur fram í skýringu 33. Víkjandi lán eru færð meðal skulda með vöxtum, gengismun og verðbótum.

14. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar bankanum ber lagaleg skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að bankinn verði fyrir kostnaði við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

Skýringar, frh.:

15. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

16. Hlutafé

a) Eigin hlutabréf

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært sem breyting á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og færð til lækkunar á heildar eigin fé sé nafnverð hlutafjár ekki lækkað vegna kaupanna.

b) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á eigin fé og til skuldar þegar hluthafar hafa samþykkt þær. Gerð er grein fyrir arðgreiðslum fyrir árið, sem eru ákveðnar eftir uppgjörssdag, í atburðum eftir uppgjörssdag.

17. Handbært fé

Handbært fé í sjóðstreymi samanstendur af óbundnum innstæðum hjá lánastofnunum.

18. Tekjur og gjöld

a) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti eftir því sem þær falla til eða viðeigandi breytilega vexti. Með hreinum vaxtatekjum telst innlausn affalla og yfirverðs og annar mismunur á upphaflega bókfærðri fjárhæð eignarinnar og fjárhæð hennar á gjalddaga miðað við virka vexti.

Við útreikning á virkum vöxtum er notuð aðferð til að reikna út afskriftarkostnað fjáreigna eða fjárskulda (eða hóp fjáreigna eða fjárskulda) og er vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift yfir viðeigandi tímabil. Virkir vextir eru þeir vextir sem núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi eða greiðslur með tilliti til áætlaðs nýtingartíma fjármálagerningsins, eða þegar við á, nota styttra tímabil til að ná bókfærðu virði fjáreignar eða fjárskuldar. Við útreikning á virkum vöxtum, notar bankinn áætlað sjóðstreymi og tekur tillit til allra samningsbundinna skilmála fjármálagerningsins, en áætla ekki framtíðartap. Útreikningurinn felur alla jafna í sér þær greiðslur og þóknanir sem fara á milli samningsaðila og eru óskiptur hluti af virkum vöxtum, sem og viðskiptakostnaður og önnur afföll og yfirverð.

Þegar fjáreign, eða hópur sambærilegra fjáreigna, hefur verið færð niður vegna virðisrýrnunar, eru vaxtatekjur færðar miðað við þá vaxtaþrósentu sem notuð var við virðisrýrnunina. Vaxtatekjur vegna fjáreigna sem hafa verið færðar niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar út miðað við fjáreignina að frádreginni niðurfærslunni.

b) Hreinar þóknatekjur

Bankinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu gegn þóknun. Bankinn hefur þóknatekjur af fjárfestingum, fyrirtækjaþjónustu, viðskiptum með verðbréf, umsýslu eigna og lánastarfsemi. Þóknatekjur eru færðar í rekstrarreikning um leið og umbedin þjónusta er veitt. Þóknanir sem eru tengdar frammistöðu eru færðar þegar gefnum skilyrðum hefur verið fullnægt.

c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar tilkynnt er um arðgreiðslu. Tekjur af eiginfjárgerningum og öðrum fjárfestingum með breytilegum tekjum eru færðar á rekstrargrunni.

Skýringar, frh.:

19. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna bankans, annarra en fjáreigna á gangvirði og breytingar á gangvirði fært í gegnum rekstur, eru yfirfarnar á hverjum uppgjörstigi til að kanna hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar þá er endurheimtanleg fjárhæð metin, sjá skýringu 20.

Tap vegna virðisrýrnunar er fært yfir rekstur hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðstreymisskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar.

a) Virðisrýrnun útlána og krafna

Það er stefna bankans að færa töp vegna virðisrýrnunar tafarlaust þegar hlutlaus sönnun liggur fyrir um að virðisrýrnun á lánasafni eða einstöku láni hafi átt sér stað. Þetta er gert reglulega og eftir viðmiðunarreglum bankans.

Tvær grunnaðferðir eru notaðar til að reikna út virðisrýrnunartap; annarsvegar er reiknað út frá einstöku láni og hinsvegar út frá safni lána. Vænt töp vegna atvika í framtíðinni eru ekki færð án tillits til þess hve líklegt er að þau tapist.

Hlutlaus sönnun virðisrýrnunar felur í sér hlutlaus gögn varðandi eftirfarandi tapsþætti:

- (i) veruleg fjárhagsvandræði lántakanda;
- (ii) samningsbrot, eins og vanskil á innborgunum eða á vöxtum eða á höfuðstóli
- (iii) bankinn veitir lántakanda, vegna efnahagslegra eða lagalegra ástæðna tengdum fjárhagslegum erfiðleikum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar, sem lánveitandi myndi að öðrum kosti ekki íhuga;
- (iv) það er talið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða muni ganga í gegnum annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) brotthvarf virks markaðar fyrir sérstaka fjáreign vegna fjárhagserfiðleika; eða
- (vi) vísbendingar um mælanlega lækkun í væntu framtíðar sjóðstreymi frá lánasafni frá upphaflegri færslu þessarar eignar, jafnvel þó þessi lækkun hafi ekki enn verið merkjanleg hjá einstakri fjáreign í safninu, þar á meðal:
 - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda í safninu; eða
 - almennt þjóðhagslegt eða staðbundið efnahagslegt ástand tengt eignum bankans.

20. Virðisrýrnun útlána

Virðisrýrnun á einstökum útlánunum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Á hverjum reikningsskiladegi metur bankinn hvort fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra útlána. Þessu verklagi er beitt á þau lán sem ein og sér eru talin veruleg. Við ákvörðun slíks virðisrýrnunartaps á einstökum metnum útlánunum er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta bankans gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæðir og tímasetning væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líkur á mögulegum greiðslum við slit eða gjaldþrot;
- flækjustig við skilgreiningu á samanlagðri fjárhæð allra lánakrafna og að hvaða marki lagaleg- og tryggingaleg óvissa er skýr;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkinda á endurheimtu með árangri; og
- líkleg lækkun á hvers kyns kostnaði tengdum endurheimtu á útistandandi fjárhæðum.

a) Mat á safni útlána

Þar sem útlán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð saman í söfn á grundvelli svipaðra lánaáhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun. Þetta tap nær til lána sem eru virðisrýrd á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er ákvörðuð með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðar sjóðstreymi af safni lána sem meta skal til virðisrýrnunar, er áætlað út frá samningsbundnu sjóðstreymi eignarinnar;
- tapreynsla vegna safns lána sem bera svipuð einkenni áhættu (t.d. eftir atvinnugreinum, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá tapi þar til tapið er greint og fært með sérstöku framlagi í afskriftarreikning; og
- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem er metið vegna virðisrýrnunar er áætlað á grundvelli samningsbundsins fjárstreymis; og
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en

Skýringar, frh.:

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi hóps eigna ætti að vera í takt við breytingar á sýnilegum gögnum frá einu tímabili til annars (t.d. breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem fyrir hvert tilgreint safn benda til breyttra líkinda á tapi á safninu og stærð þess). Aðferðafræðin og matið sem beitt er við að áætla framtíðarsjóðstreymi eru yfirfarin reglulega af bankanum til að lágmarka muninn á milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

Afskrift útlána

Útlán (og tengdur afskriftarreikningur) eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

Bakfærsla virðisrýrnunar

Ef virðisrýrnun lækkar síðar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnun var viðurkennd, þá er fyrri færsla virðisrýrnunar tekjufærð í rekstrarreikningi.

b) *Eignir yfirteknar í skiptum fyrir útlán*

Eignir aðrar en fjáreignir sem yfirteknar eru í skiptum fyrir útlán með það að markmiði að ná reglulegri sölu eru færðar sem eignir til sölu í efnahagsreikning. Yfirtekin eign er færð á því sem lægra er af gangvirði sínu að frádregnum sölukostnaði, og bókfærðu verði lánsins nettó af virðisrýrnun þess á degi viðskiptanna. Engin afskrift er framkvæmd á eignum til sölu. Niðurfærsla á yfirtekinni eign umfram gangvirði að frádregnum sölukostnaði, er fært á virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Hækkun á gangvirði eignar að frádregnum sölukostnaði, að því marki að það er ekki umfram uppsafnað virðisrýrnunartap, er fært í rekstrarreikning.

c) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð útlána og krafna bankans er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis. Virkir vextir vegna lána og krafna með föstum vöxtum eru þeir sömu og þeir virku vextir sem notaðir voru við útreikning við upphaflega skráningu. Hinsvegar er núverandi stig virkra vaxta notað við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar vegna útlána og krafna með breytilegum vöxtum.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Við mat á nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við ávöxtunarkröfu fyrir skatta, sem endurspeglar núverandi markaðsmat á tímavirði peninga og áhættuna sem tengist eigninni. Fyrir eignir sem ekki mynda verulega óháð innstreymi fjár er endurheimtanleg fjárhæð ákveðin fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

d) *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Virðisrýrnun útlána er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt við atburði sem eiga sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Virðisrýrnun vegna fjárfestingar í eiginfjárgerningi sem flokkaður er sem fjáreign til sölu er ekki bakfærð með færslu í gegnum rekstur. Ef gangvirði skuldabréfs sem flokkað er sem fjáreign til sölu hækkar og hækkunina er með hlutlægum hætti unnt að tengja atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð í rekstrarreikning skal bakfæra virðisrýrnunina með færslu í gegnum rekstur.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á því mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem bókfært verð eignarinnar er ekki umfram bókfært verð sem ákveðið hefði verið, að frádregnum afskriftum, ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

21. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna tímabilsins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjorsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar, frh.:

Tekjuskattsskuldbinding hefur verið reiknuð og færð í efnahagsreikning. Útreikningurinn byggir á mismun á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Þessi mismunur stafar aðallega af þeirri staðreynd að skattmat byggir á öðrum grunni en þeim sem byggt er á við gerð reikningsskilanna. Helgast þetta aðallega af því að tekjur, sérstaklega breytingar á gangvirði fjáreigna, er fært fyrir í reikningsskilin heldur en á skattframtalinu.

22. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir og mat stjórnenda við beitingu þeirra

Bankinn gerir áætlanir og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga innan næsta fjárhagsárs. Áætlanir og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggja á reynslu og öðrum staðreyndum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni sem taldar eru skynsamur við þessar kringumstæður.

Virðisrýrnun á útlánunum

Bankinn endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun á sex mánaða fresti hið minnsta. Við mat á hvort gera skuli grein fyrir virðisrýrnun í rekstrarreikningi, þarf bankinn að meta hvort sýnileg gögn gefi til kynna hvort um sé að ræða mælanlega lækkun á væntanlegu framtíðarsjóðstreymi frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þessi sönnun getur falið í sér sjáanleg gögn sem benda til breytingar á greiðslugetu lántakanda í hópi, eða efnahagsástandi erlendis eða heima fyrir sem skapa fylgni milli vanskila vegna eigna í safninu. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu á eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar sambærileg þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanir sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

23. Útlán til viðskiptavina sundurliðast þannig eftir útlánsformum

	30.6.2007	31.12.2006
Skuldabréf og lánasamningar.....	11.511.083	7.365.390
Önnur útlán.....	787.065	1.894.807
	<u>12.298.148</u>	<u>9.260.197</u>

24. Útlán greinast þannig eftir lántakendum

	30.6.2007	31.12.2006
Bæjar- og sveitarfélög.....	38.499	28.836
Atvinnugreinar:		
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.....	9.277.575	7.972.953
Þjónusta.....	2.682.051	136.446
Annað.....	300.023	1.121.962
	<u>12.298.148</u>	<u>9.260.197</u>

25. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt efirstöðvatíma

	30.6.2007	31.12.2006
Gjaldkræf útlán.....	3.362.216	4.718.908
Allt að 3 mánuðir.....	637.422	1.200.910
Yfir 3 mánuðir og allt að ári.....	5.392.588	2.301.702
Yfir 1 ár og allt að 5 árum.....	1.982.417	1.038.677
Yfir 5 ár.....	923.505	0
	<u>12.298.148</u>	<u>9.260.197</u>

Skýringar, frh.:

26. Breyting á afskriftareikningi greinist þannig í þús. króna

	Sérstakur	Almennur	Samtals 30.6.2007	Samtals 31.12.2006		
Afskriftareikningur útlána 1.1., fyrir leiðréttingu.....	275.000	177.843	452.843	161.474		
Áhrif upptöku IFRS.....	(52.881)	(52.881)		
Afskriftareikningur útlána 1.1. samkvæmt IFRS.....	275.000	124.962	399.962	161.474		
Virðisrýrnun útlána.....	(22.500)	33.661	325.469		
Endanlega töpuð útlán.....	(171.500)	(171.500)	(34.100)
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins.....	81.000	197.934	262.123	452.843		

27. Veltufjáreignir

	30.6.2007	31.12.2006
Skuldabréf.....	37.940	0
Hlutabréf.....	2.074.251	1.553.482
	2.112.191	1.553.482

28. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

	30.6.2007	31.12.2006
Hlutabréf.....	1.311.565	3.922.521

29. Ýmsar eignir greinast þannig:

	30.6.2007	31.12.2006
Óuppgerð verðbréfavíðskipti.....	2.016.201	805.492
Útistandandi vegna sölu á fullnustueign.....	650.000	0
Útistandandi vegna sölu fjáreigna á gangvirði.....	410.387	0
Óinnheimtar tekjur.....	93.447	89.282
	3.170.035	894.774

Rekstrarfjármunir og afskriftir

30. Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Tölvu- og hugbúnaður	Innréttingar og áhöld	Aðrar eignir	Samtals		
Bókfært verð í ársbyrjun.....	5.756	6.843	7.490	20.089		
Viðbót á tímabilinu.....	2.585			2.585		
Afskrifað á tímabilinu.....	(1.667)	(666)	(2.333)
Bókfært verð í lok júní.....	6.674	6.177	7.490	20.341		
Afskriftarhlutföll.....	33%	20%	0%			

Lántaka og verðbréfaútgáfa

31. Lántökur og verðbréfaútgáfa hafa eftirfarandi gjalddaga:

	30.6.2007	31.12.2006
Allt að 3 mánuðir.....	1.808.627	2.360.477
Yfir 3 mánuðir og allt að ári.....	8.178.502	1.676.362
Yfir 1 ár og allt að 5 árum.....	3.246.076	5.223.348
	13.233.205	9.260.187

32. Lántaka og verðbréfaútgáfa bankans skiptist þannig:

	30.6.2007	31.12.2006
Útgefin skuldabréf.....	1.627.727	1.590.679
Útgefnir víxlar.....	146.600	0
Lán frá fjármálafyrirtækjum.....	11.458.878	7.669.508
	13.233.205	9.260.187

Skýringar, frh.:

Víkjandi lán

33. Öll víkjandi lán eru verðtryggð og teljast til eiginfjárbáttar B. Víkjandi lán greinast þannig:

	30.6.2007	31.12.2006
Víkjandi lán á gjalddaga 1. september 2014.....	233.760	226.939
Víkjandi lán á gjalddaga 5. janúar 2016.....	254.298	246.879
	<u>488.058</u>	<u>473.818</u>

34. Hlutafé

Samkvæmt samþykktum er heildarhlutafé bankans 445 millj. kr. en þar af á bankinn eigin hlutabréf að nafnverði 2 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé.

Í tengslum við samruna félagsins við FSP hf. var hlutafé bankans aukið um 199 millj. kr. að nafnverði en heildarvirði aukningarinnar var 4.086 millj. kr. Þá var samþykkt á stjórnarfundum þann 29. maí 2007 að hækka hlutafé bankans um 30 millj. kr. að nafnverði og selja

Aðrar upplýsingar

35. Við samruna FSP við VBS höfðu eignir FSP verið metnar til gangvirðis og sundurliðast þær svo:

	Bókfært verð 31.12.2006	Matsbreyting	Gangvirði
Skuldabréf.....	194.017		194.017
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	3.819.147	193.150	4.012.297
Rekstrarfjármunir.....	977		977
Kröfur og lánveitingar.....	17.212		17.212
Handbært fé.....	18.305		18.305
Eignir samtals.....	<u>4.049.658</u>	<u>193.150</u>	<u>4.242.808</u>
Eigið fé.....	3.041.873	158.383	3.200.256
Tekjuskattsskuldbinding.....	203.075	34.767	237.842
Skuldir við lánastofnanir.....	293.880		293.880
Aðrar skammtfímaskuldir.....	510.830		510.830
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>4.049.658</u>	<u>193.150</u>	<u>4.242.808</u>

36. Tryggingamál

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu, bruna-, vatns- og innbrotstryggingu lausafjár. Einnig hefur félagið keypt starfsábyrðgartryggingu verðbréfamíðlara sbr. reglugerð 508/2000.

37. Starfsmannamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	30.6.2007	30.6.2006
Laun.....	290.349	73.068
Launatengd gjöld	27.437	17.608
	<u>317.786</u>	<u>90.676</u>
Meðalfjöldi starfa	30	19

Skýringar, frh.:

38. Áhættugrunnur og eigið fé

Eiginfjárútreikningur samkvæmt reglum um mat á eiginfjárkröfum og áhættugrunni fjármálafyrirtækja (215/2007) er eftirfarandi í lok júní 2007:

	30.6.2007	31.12.2006
Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu utan veltubókar.....	18.975.583	9.449.143
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu.....	243.135	288.496
Áhættugrunnur vegna stöðu- og mótaðilaáhættu veltubókarliða.....	5.135.633	2.077.818
Áhættugrunnur samtals	24.354.351	11.815.457
Eigið fé		
Eiginfjárbáttur A og B.....	7.375.765	2.453.281
Eiginfjárlutfall.....	30,3%	20,8%

Skýringar, frh.:

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

39. Eins og tekið var fram í skýringu 1 um reikningsskilaaðferðir, þá er þetta fyrsti árslutareikningur bankans samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ársreikningur bankans fyrir rekstrarárið 2007 verður gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2006, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu bankans. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi bankans samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

Breytingar á eigið fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla:	Eigið fé
Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2006	1.997.142
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2007	2.040.504
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla	43.362
Breytingar í byrjun árs 2006	
Útlán	IAS 39 (22.601)
Tekjuskattsáhrif	IAS 12 4.068
Samtals breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla 1. janúar 2006	(18.533)
Breytingar á árinu 2006:	
Framlag í afskriftarreikning	(30.280)
Tekjuskattsáhrif	5.451
Samtals breytingar 2006	(24.829)
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla	(43.362)

Heildaráhrif yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla á eigið fé er hækkun um 18 millj. kr. Þessi breyting er einungis vegna breytts mats á útlánunum. Í samræmi við IAS 39 hefur bankinn framkvæmt virðisrýrnunarpróf á útlánunum og leiddi það til hækkunar á eigin fé um 25 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til tekjuskatts. Samkvæmt IAS 39 ber bankanum að yfirfara öll útlán til að ganga úr skugga um hvort þar sé að gæta hlutlægra vísbendinga um virðisrýrnun sem áhrif hefur á vænt fjárstreymi af útláninu. Útlánið verður þá fært niður í núvirði vænts fjárstreymis.

Skýringar, frh.:

Frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um áhrif yfirfærslunnar yfir í alþjóðlegu reikningsskilastaðlana greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur janúar til júní 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

	Breyting á			Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
	Matsbr.	framsetn.		
Fyrri reikningsskilaaðferðir				
Hreinar vaxtatekjur.....	(184.353)		(184.353)	Hreinar vaxtatekjur
Þjónustutekjur.....	235.219	0		
Þjónustugjöld.....	0	0	235.219	Hreinar þjónustutekjur
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum.....	25.904		0 25.904	Arðstekjur Hreinar tekjur af
Gengishagnaður.....	(131.409)		37.224 (94.185)	veltufjáreignum Hreinar tekjur af fjáreignum /
			9.833 9.833	fjárskuldum á gangvirði
		(47.057)	(47.057)	Gengismunur
Ýmsar rekstrartekjur.....	21.859		21.859	Aðrar rekstrartekjur
Laun og launatengd gjöld.....	(90.676)		(90.676)	Laun og launatengd gjöld
Annar rekstrarkostnaður.....	(73.380)		(73.380)	Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir.....	(1.753)		(1.753)	Afskriftir
Framlag í afskriftareikning.....	(18.149)		(18.149)	Virðisrýrnun útlána
Tekjuskattur.....	43.496		43.496	Tekjuskattur
Tap tímabilsins	(173.242)		0 (173.242)	Tap tímabilsins

Efnahagsreikningur VBS fyrir samruna, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Fyrri reikningsskilaaðferðir 31. desember 2006	Breyting á			Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar 1. janúar 2007
	Matsbr.	framsetn.		
Sjóður og kröfur á lánastofnanir.....	133.271		133.271	Kröfur á lánastofnanir
Útlán.....	9.251.733	52.881	9.304.614	Útlán til viðskiptamanna
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum.....	1.462.842		(103.373) 1.359.469	Veltufjáreignir
-	0		103.373 103.373	Fjáreignir á gangvirði
Rekstrarfjármunir.....	19.112		19.112	Rekstrarfjármunir
Aðrar eignir.....	894.774		894.774	Aðrar eignir
Eignir samtals	11.761.732	52.881	0 11.814.613	Eignir samtals
Skuldir við lánastofnanir.....	7.375.628		(7.375.628) 0	
Lántaka.....	0		7.375.628 7.375.628	Lántaka
Verðbréfaútgáfa.....	1.590.680		1.590.680	Verðbréfaútgáfa
Víkjandi lán.....	473.818		473.818	Víkjandi lán
-	0		0	Veltufjárskuldir
Tekjuskattsskuldbinding.....	11.918	9.519	21.437	Skattskuld
Aðrar skuldir.....	312.546		312.546	Aðrar skuldir
Eigið fé.....	1.997.142	43.362	2.040.504	Eigið fé
Skuldir og eigið fé samtals	11.761.732	52.881	0 11.814.613	Skuldir og eigið fé samtals